

Kennsluáætlun

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



Námsgrein: Náttúrufræði

Bekkur/hópur: 7

Kennarar: Hrönn Björnsdóttir

Tímabil: Haustönn og vorönn 2024

Leiðsagnarmat:

Hvað verður metið, hvernig og hvenær?

- Metin verður verkefnavinna með umsögn með/ án bókstafa.
- Gefin er bókstafur í lok skólaárs.
- Nemendur kynna verkefni, fá munnlega umsögn.
- Nemendur metnir eftir sjálfstæðum vinnubrögðum
- Nemendur metnir eftir samvinnu
- Nemendur metnir eftir vinnusemi og þátttöku í kennslustundum.

Ágúst - desember.

Námsefni: Námsbókin Evrópa les- og vinnubók.

Markmið að nemandi

- þekki landslag í Evrópu og hvernig það hefur myndast og mótast
- geri sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða, bæði í landslagi og búsetu

- þekki loftslags-, gróðurbelti og einkennandi gróður eftir svæðum í Evrópu og áhrifum vinda og hafstrauma þar á
- átti sig á þéttbýlum og strjálbýlum svæðum Evrópu
- átti sig á hvernig ýmsir náttúruþættir hafa áhrif á búsetumynstur og hvernig menn móta umhverfi sitt
- þekki helstu atvinnuhætti og hvað ræður staðarvali
- þekki helstu náttúruauðlindir og orkugjafa sem nýttir eru í Evrópu, hvar þessa þætti er að finna og hvernig þeir hafa myndast
- átti sig á mikilvægi náttúruverndar og samvinnu landa á sviði umhverfismála
- þekki helstu samgöngutæki og hvernig þau hafa mótað einstaka hluta Evrópu
- átti sig á ólíkum þjóðum, tungumálum og trúarbrögðum í Evrópu
- þjálfist í að sækja landfræðilegar upplýsingar um einstök lönd í ólík gagnasöfn; bækur, dagblöð, Netið, tölfræðigögn, kort eða með viðtölum

Hæfniviðmið:

- Greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.
- Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.
- Tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.
- Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.

Verkefni: Nemendur vinna í hópum að gerð hugtakakorta um helstu hugtök efnis um Evrópu. Nemendur velja sér land í Evrópu utan Norðurlanda og halda kynningu fyrir samnemendur um það land. Nemendur vinna í hóp að gerð ferðaáætlun til lands/landa í Evrópu.

Janúar - febrúar 2025.

Námsefni: Náttúrulega 2 lesbók og vinnubók. Kafli 4. Geimurinn.

Febrúar - mars. Auðvitað 2. Eðlis-, efna- og jarðfræði. Kafli um krafta og vélar, hljóð og tónar.

Apríl - maí. Náttúrulega 2. Lesbók og vinnubók. Kafli 5. Sjór, vatn og frumefni.

Kafli 4. Geimurinn. Hæfniviðmið.

Nemandi getur:

Verklag:

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni,
- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,
- greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra,

Viðfangsefni:

- Framkvæmt og lýst eigin athugunum á (jarðvegi, veðrun, rofi) og himingeimnum,
- útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður,
- notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa heimabyggð, landinu í heild og völdum svæðum heimsins.

Hæfniviðmið. Kafli 5. Sjór, vatn og frumefni.

Nemandi getur:

- Gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun,
- Lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu,
- Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland,
- Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér,
- Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum,
- Dregið ályktanir af tilgangi flokkunnar útgangs,
- Útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita,
- Gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti.

Hæfniviðmið. Auðvitað 1.

Nemandi getur:

- Lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi.
- Lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra.
- Bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi.

Verkefni: Nemendur búa til líkan af sólkerfinu okkar. Búa til líkan af sjónum og dýrum sem þar búa. Fara í vettvangsferðir/útikennsla. Unnið með ýmsar tilraunir.